



1. Hvar er...?



Hvar er bankinn?

Hvar er sundlaugin?

Hvar er bakaríið?

Hvar er tréð?

Hvar er bílinn?

Hvar er sólin?

Hvar er boltinn?

Hvar er maðurinn?

Hvar er kötturinn?

Hvar er sundlaugin?

Hann er **við hliðina** á skólanum.

Hún er **hægra megin við** bakaríið.

Það er **vinstra megin við** sundlaugina.

Það er **fyrir aftan** bakaríið.

Hann er **fyrir framan** bankann.

Hún er **yfir** húsunum.

Hann er **undir** bílnum.

Hann er **í** bílnum.

Hann er **á** skólanum.

Hún er **á milli** bankans og bakarísins.

1.1 Tengdu rétt saman.



Hvar er kirkjan?

Hann er við hliðina á bankanum.

Hvar er bakaríið?

Hann er fyrir framan bankann.

Hvar er skólinn?

Hún er vinstra megin við bakaríið.

Hvar er bíllinn?





Þau eru á trénu.

Hvar eru laufblöð?




Hún er hægra megin við kirkjuna.

1.2 Hvar er kötturinn?

a) Settu rétt númer við rétta mynd











1. undir
2. við hliðina á
3. fyrir aftan
4. inni í
5. fyrir framan
6. hægra megin við
7. vinstra megin við
8. á
9. á milli
10. yfir



b) Hlustaðu og settu tölustaf við rétta mynd



H1.63



2. Ég þarf að fara núna



H1.64



Sigríður: Ég þarf að fara núna. Ég þarf að fara í búð og kaupa inn fyrir afmælið.

Elín: Hvenær er veislan?

Sigríður: Hún er annað kvöld. Ég þarf bæði að baka og þrifa í kvöld!

Elín: Ekki þrifa of mikið! Góða skemmtun í afmælinu!

Sigríður: Takk fyrir, sjáumst!

Þarft þú að fara í banka?

Já, **ég þarf** að fara í banka.

Þarftu að fara í vinnuna?

Nei, **ég þarf ekki** að fara í vinnuna.

Nei.

Þarf hún að kaupa í matinn?

Já, **hún þarf** að kaupa í matinn.

Já.

2.1 Í banka



H1.65

Afgreiðslumaður: Næsti! Númer 27!

Jóhanna: Ég er næst. Ég er númer 27.

Afgreiðslumaður: Góðan daginn.

Jóhanna: Góðan daginn, ég ætla að borga þessa reikninga.

Afgreiðslumaður: Þetta eru 43.750 krónur.

Jóhanna: Hérna er kortið, gjörðu svo vel.

Afgreiðslumaður: Viltu gjöra svo vel að kvitta.

Jóhanna: Allt í lagi.

Afgreiðslumaður: Gjörðu svo vel, hér er kvittunin þín.



Hvað segir Fríða frænka?

Þjónustufulltrúi vinnur í banka.

Þjónustufulltrúi hjálpar þér í bankanum.

Í banka er hægt að taka út peninga,
leggja inn peninga, millifæra og fá lán.

Hvað gerir þú í banka?

Notar þú banka á netinu?



3. Viltu koma með mér?



H1.66

Friðrik: Ertu búin að fara í banka, Jóhanna?

Jóhanna: Já, mig langar á kaffihús. Viltu koma með mér?

Friðrik: Já, endilega. En vilt þú koma með mér í sumarbústað um helgina?

Jóhanna: Nei, því miður. Ég er upptekin alla helgina. Ég er að vinna um helgina.



Viltu koma með mér?

Jákvæð svör:

- Já, takk.
- Já, það væri frábært!
- Já, endilega.



Viltu koma með mér?

Neikvæð svör:

- Nei, takk.
- Nei, því miður. Ég hef ekki tíma.
- Nei, því miður. Ég er upptekin/n.

3.1 Tölum saman!



- a) Ferðu oft í banka? *Já, ég fer .../Nei, ég ...*
- b) Finnst þér gaman í banka?
- c) Finnst þér skemmtilegt að fara í bíó?
- d) Ferð þú stundum í sumarbústað?
- e) Þrífur þú stundum of mikið?
- e) Viltu koma með mér á kaffihús eftir tímann?



3.2 Tengdu rétt saman





- | | |
|------------------------------|---------------------------------------|
| 1. Ég þarf að fara í banka | ___ og kaupa nammi. |
| 2. Mig langar í sund | ___ og læra íslensku. |
| 3. Ég ætla á bókasafn | ___ og sjá gott leikrit. |
| 4. Ég ætla í kirkju | ___ og fara í brúðkaup. |
| 5. Mig langar á kaffihús | ___ og sjá gamanmynd. |
| 6. Ég þarf að fara í búð | ___ og kaupa mjólk og núðlur. |
| 7. Mig langar út í sjoppu | ___ og tala við þjónustufulltrúa. |
| 8. Ég ætla í skólann | ___ og synda og fara í heita pottinn. |
| 9. Ég þarf að fara á pósthús | ___ og fá lánaða bók eftir Laxness. |
| 10. Mig langar í bíó | ___ og fá mér kaffi og kleinu. |
| 11. Ég ætla í leikhús | ___ og sækja pakka og senda bréf. |

3.3 Spyrjið hvert annað



- a) Hvert ætlar hann/hún að fara?
b) Hvað ætlar hann/hún að gera?



4. Hvað kann ég?



H1.67

4.1 Hlustaðu og merktu við hvert Abdel og Merita ætla að fara og hvað þau ætla að gera

Abdel

- Abdel ætlar fyrst* í skólann í banka á kaffihús
- Hann ætlar að* tala við vin sinn tala við kennarann taka út peninga
- Síðan ætlar hann* í bíó á kaffihús í bakarí
- Hann ætlar að* borða kökur horfa á bíómynd kaupa köku

Merita

- Merita ætlar fyrst* í vinnuna í búð í sjoppu
- Hún ætlar að* kaupa brauð kaupa nammi afgreiða fólk
- Svo ætlar hún* í sund í leikhús á pósthús
- Hún ætlar að* sjá sýningu synda lengi sækja pakka

4.2 Tölum saman!



- Hvert ætlar þú að fara í næstu viku?
- Hvað þarft þú að gera þar?
- Hvert langar þig að fara í næstu viku?
- Hvað langar þig að gera þar?

4.3 Teiknaðu mynd eftir þessari lýsingu.

Tré er hægra megin við hús. Bíll er vinstra megin við húsið.
Kisa er á bílnum. Stelpa er fyrir framan tréð. Sól er yfir húsinu.

5. Sjálfsmat – Petta kann ég!



1. Ég kann þessi orð:

- við hliðina á
- hægra megin við
- vinstra megin við
- fyrir aftan
- fyrir framan
- á
- í
- undir
- yfir
- á milli

2. Ég kann að segja

- Ég þarf að fara núna
- Ég þarf að taka út peninga
- Ég ætla að borga reikninga

3. Ég kann að spyrja

- Viltu koma með mér í bíó?
- Hvert ert þú að fara?

4. Ég kann að svara

- Já, endilega
- Já, takk
- Nei, ég er upptekin/n
- Nei, ég hef ekki tíma

5. Ég kann að segja

- Ég þarf** að fara ... (í banka, á pósthús, í vinnuna, í búð)
- Mig langar** að fara ... (á kaffihús, í sumarbústað, í bíó)

Forsetningar

| | |
|-------------------|--|
| fyrir aftan | Strákurinn er fyrir aftan stólinn. |
| fyrir framan | Stóllinn er fyrir framan strákinn. |
| hægra megin við | Stelpan er hægra megin við strákinn. |
| vinstra megin við | Strákurinn er vinstra megin við stelpuna. |
| fyrir ofan | Ljosið er fyrir ofan strákinn. |
| á | Bókin er á borðinu. |
| í | Bókin er í töskunni. |
| undir | Bókin er undir töskunni. |
| við hliðina á | Bókin er við hliðina á töskunni. |
| yfir | Ljosið er yfir borðinu. |

Spurnarorð

| Spurning | Svar |
|----------------------------|-----------------------|
| Hvar ertu? | Ég er í banka. |
| Hvert ertu að fara? | Ég er að fara í sund. |

Hjálparsagnir – dæmi:

Ég **þarf að fara** á pósthús og senda pakka.
 Ég **ætla að fara** í skólann og læra mikið.
 Mig **langar að fara** í sund og í heita pottinn.

